P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 5 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) $^1/_2$ verðsins borgist fyrfram, en $^2/_3$ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skriflegr bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

24. ár. | Reykjavík, 31. ágúst 1918. | № 8.

Úrslitin og næstu sporin.

Allir vita að næsta alþingi á að undirbúa samningaúrslitin, sem allir kjósendur landsins síðast ráða fram úr með atkvæðum sínum.

Næstu stórpólitisku sporin, sem þar á eftir verða stigin, eru að breyta stjórnarskránni í samræmi við þessi nýju sambandslög.

Nú er það alkunnugt að til stjórnarskrárbreytingar þarf tvö þing. Eftir fyrra þingið, verður það leyst upp og nýjar kosningar fara fram, áður en stkr.breytingunni er fullkomlega ráðið til lykta.

Ur því að þessi stjórnarskrárbreyting verður nú að fara fram, og úr því að þessar breytingar eru svo fyrirhafnarmiklar og mörgum annmörkum bundnar, þá ætti að nota tækifærið til að koma fram öllum þeim breytingum, sem sem menn nú sjá, að nauðsynlegar eru á stskr. fyrst um sinn. Ein af þeim breytingum er að fella burtu aldurs takmark kosningarréttar kvenna. Nú ætti að nota tækifærið til að leiðrétta það heimskulega ranglæti, sem konum er sýnt með þessum skilyrðum, og veita þeim pólitisku réttindin með sömu skilyrðum og karlmönnum.

Þetta ætti líka að vera ekki einungis réttmæt krafa frá konum, heldur geta karlmennirnir líka séð af þeirri reynslu, sem fengin er, að konurnar eru ekki svo stórhættulegar sem þeir sögðu, þegar þeir slóu þenna fræga varnagla í stskr. Þær gerðu svo sem ekki neinn skaðlegan usla á kosningarmarkaðinum 1916. Og þær voru svo kvenlegar og feimnar að þeim datt ekki í hug að trana sér neinstaðar fram. Karlmenn mega því vera öldungis óhræddir um þingsætin fyrstu áratugina. Þau verða varla fylt *með* konum. En hitt gæti vel komið fyrir að þau yrðu fylt *af* konum, með einhverjum karlmönnum, og það væri þó varla nein synd.

Margar yngri konurnar hafa nú loks skilið, að það er bæði lítilsvirðing gagnvart þeim, og hreinasta ranglæti að halda þessum réttindum fyrir þeim, lengi eftir það að þær hafa uppfylt öll fyrirskipuð skilyrði, sem útheimtast til að öðlast þau. Nútíðarkonurnar, sem eru um eða yfir 25 ára. eru að öllum líkindum margar hverjar fróðari og færari til að skilja þau og nota, en 70—80 ára konur, sem aldrei höfðu átt kost á þeirri fræðslu, sem unga fólkið nýtur nú.

Vér efumst ekki um að stjórn vor verði svo réttlát, frjálslynd og framsýn að leiðrétta þessa galla á núgildandi stjskr. þegar henni verður breytt, og vér efumst heldur ekki um að alþingi verði þá svo viti borið að sjá að þessi breyting er bæði réttlát og alveg hættulaus, og að það væri mesta fávizku merki, sem það gæti sýnt, að vera að leitast við að spyrna á móti broddunum og reyna fram í rauðan dauðann að fresta því, sem þó *verður* fram að koma.

Alþýðueldhúsin.

Upphaf þeirra og tilgangur fyr og nú

(Niðurl.).

Til dæmis um hina miklu nákvæmni við útreikning matarskamtanna og verðsins, sem þurfti til þess þeir bæru sig, skal þess getið, að þessir útreikningar og tilraunir með matinn hafa þurft margra ára reynslu til þess að vissa væri um að tekjur og útgjöld stæðust á. T. d. hafði

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

1883 verið gerð tilraun til að stækka kjötskamtinn í öllum þeim 14 alþýðueldhúsum, sem þá voru í Berlín, um 20 gröm. En við útreikninginn kom í ljós, að þetta hefði aukið dagleg útgjöld um 1,440 m. og það hefði hækkað ársútgjöldin um 50,-400 m. Þetta hefði haft í för með sér algert tap, svo eldhúsin hefðu orðið að hætta. — Á sunnudögum er venjulega betri matur.

Sumir hafa áfelt frú Morgenstern fyrir að láta nokkurn ágóða safnast af eldhúsunum. En það segir hún nauðsynlegt til ýmsra óvæntra útgjalda, sömuleiðis til kostnaðar við seðlasöluna, og einkum til þess að hlaupa upp á *í dýrtíð, svo þá þurfi ekki að hækka matarverðið eða að minka matarskamtana.*

Framan af unnu margar konur ókeypis við þessi eldhús, t. d. við alla afhendingu og matarskömtun, yfirumsjón og fleira. Þær konur, sem þetta gerðu, voru kallaðar heiðursdömur. Þær voru 14 fyrir hverju eldhúsi og skiftu störfum með sér einu sinni í viku. Í hverju eldhúsi voru að eins 4 launaðar konur, »húsfrúin«, sem gekk næst yfirumsjónarkonunni og stóð henni reikning á öllu, matseðlasölustúlka, ein eldabuska og ein framreiðslukona handa hverjum 100 persónum. Húsfrúin átti auðvitað að sjá um alt og standa reikning á öllu fyrir stjórninni og aðalforstöðukonunni. Hún fór á fætur kl. 6 á hverjum morgni og opnaði eldhúsið, því þar svaf enginn á nóttunni. Hún læsti því líka sjálf síðast á kveldin og leit daglega eftir öllu. *Hún hafði ábyrgð á öllum áhöldum og mat, mældi alt og vigtaði. Hún mátti ekki taka við nokkrum gjöfum eða prósentum,* hvorki frá verzlunum né öðrum viðskiftamönnum. Hún hefir einnig rétt og skyldu til að rannsaka eldhúsfólkið, ef þurfa þykir, og ásamt eldastúlkunni hefir hún ábyrgð á gæðum og tilbúningi matarins og að honum sé réttlátlega skift.

Á síðari árum hefir verið erfiðara að fá konur til aðstoðar ókeypis, þótt það sé eitt af þeim skilyrðum, sem frú M. telur nauðsynleg til þess að slík stofnun geti borið sig, *af því* þær konur hafi áhuga fyrir málinu og geri alt til að láta þessar stofnanir verða sem beztar og vinsælastar. Það hefir því nú á síðari árum bæzt við fleira af launuðu fólki. — Þó má telja víst, að nú síðan að stríðið kom, og alt þetta fyrirkomulag hefir verið margaukið og bætt á allan hátt, og þá einkum hagfræðilega, þá hafi konur gefið sig fram sem sjálfboðaliðar til allrar umsjónar við þau. Vinnan hefir verið gerð af konum, sem þurftu að fá atvinnu og launin farið til þeirra til viðhalds heimilum þeirra.

Því miður höfum við ekki enn þá neinar ýtarlegar skýrslur um alla sjálfboðavinnu þýzkra kvenna í þessum efnum. En í aðalatriðunum voru það þær, sem í gegnum einstakar konur og sambandskvenfélög og í sambandi við bæjarstjórnir og landsstjórn komu því fyrirmyndar dýrtíðarfyrirkomulagi á alþýðueldhús sín, sem frægt er síðan orðið og margar þjóðir hafa lært meira eða minna af.

Frú Morgenstern hefir meðal annars gefið út litla handbók og matreiðslubók handa alþýðueldhúsum, sem ágæt er, og margt má af læra, jafnvel þótt þau kunni að verða rekin á annan hátt að meiru eða minna leyti, og undir öðrum skilyrðum og kringumstæðum. Grundvallarreglurnar verða þó ætíð þær sömu og aðalskilyrðin, fyrir góðum hagfræðilegum árangri: hagfræðilegt víðsýni, fyrirhyggja, nýtni, sparsemi og ströng ráðvendni, — að ógleymdum áhuga fyrir þessu máli og kærleika til þeirra, sem eiga að njóta góðs af því, og þeirrar hugsjónar, sem þessi starfsemi er sprottin upp úr.

Þessar reglur telur frú Morgenstern nauðsynlegar, ef rekstur alþýðueldhúsanna á að ganga vel:

1. »*Að* þegar í *byrjun* hafa alt fyrirkomulagið *einfalt* og *hagfelt, að* viðhafa *sparsemi* í *öllu,* þar sem því verður þá komið við, án skaða fyrir framtíðarrekstur stofnunarinnar, ef hún á að verða til

frambúðar, *að fá hentugt og ekki dýrt húsnæði, á hentugum stað* fyrir þá, sem helzt eiga að nota matinn. Verkamenn og iðnaðarmenn, sem ganga frá vinnu sinni, gefa ekki um að eta í skrautlegum matsölum. Og margt efnaðra fólkið, sem ef til vill kaupir matinn, sækir hann í alþýðueldhúsið og etur hann heima hjá sér.

2. *Að* hafa *saðsaman* mat, og *svo ódýran* sem unt er.
3. *Að* koma matseðlasölunni svo hentuglega fyrir, að sem fæst vinnandi fólk þurfi við hana.
4. *Að gefa aldrei mat á sama stað og matur er seldur.* Það mundi fæla ýmsa sjálfstæða heiðarlega menn, sem ekki vildu vera upp á aðra komnir, frá að nota hann, en vekja öfund hjá öðrum, sem vel gætu borgað, en gjarna vildu komast hjá því. — Hvorutveggja stofnanirnar geta verið nauðsynlegar, en þeim ber að halda stranglega aðskildum. Alþýðueldhúsin eiga að vera frambúðarstofnanir, en matgjafastofnanirnar ættu helzt að vera að eins sem neyðarúrræði á harðæristímum, því annars gætu þær haft skaðleg áhrif.
5. *Að viðhafa mestu sparsemi, hyggindi og hugsunarsemi við öll innkaup og útsölu. Hirða vandlega allan úrgang, og hafa vakandi, strangt eftirlit með verkafólkinu við stofnunina.*
6. Til þess að *koma upp alþýðueldhúsi* þarf ekki stóra fjárupphæð. Í mesta lagi *stofnkostnaðinn* og dálítinn varasjóð. Þau eiga að rekast sem *hjálp til sjálfshjálpar*. Það er *fyrsta aðal-skilyrðið*.

Heimilin og húsmæðurnar.

Flestir munu kannast við, að sjaldan eða aldrei hafi framtíðarhorfurnar hér á landi verið jafn ískyggilegar og kvíðvænlegar og nú. Það er ekki einungis hinar teptu samgöngur við umheiminn og öll sú dýrtíð og erfiðleikar sem þar af leiða, ásamt allri verðhækkun, sem stafar beinlínis af vöruskorti á mörgum nauðsynja vörutegundum. En við þetta, sem þó er ærið nóg til að gera útlitið kvíðvænlegt, bætist það, sem er ennþá hættulegra fyrir oss, og nærgöngulla: Það er hið almenna harðæri, sem auðsjáanlega eru yfirvofandi í landinu, vegna hins mikla grasleysis og þar af leiðandi bústofns-eyðslu. Að þetta sé rétt og óhjákvæmileg afleiðing grasleysisins, sér hver heilvita maður. Þegar svo þar við bætist að síldaraflinn hefir alveg brugðist, þá má nærri geta hvernig ástandið í kaupstöðunum verður næsta ár. Fram að nýjári geta menn líklega slarkað, ef þeir þá fá nokkurt húsnæði. En eftir það stendur skorturinn allstaðar í kaupstöðunum fyrir dyrum. Og sveitirnar koma á eftir, ef enginn ráðstöfun verður ger til að kenna fólki að bjargast áfram, með þau litlu efni af ýmsum tegundum, sem fyrir hendi eru. Það þarf meiri og víðtækari ráðstafanir en seðlafyrirkomulagið, þótt það sé eflaust nauðsynlegt, þar sem það nær til, ef nokkurt verulegt eftirlit verður með því í framkvæmdinni.

Húsmæðurnar hafa aldrei átt erfiðara viðfangsefni en einmitt nú. Það er ekki nóg með að hin geysilega dýrtíð, sem nú er á öllum hlutum, sem heimilin þurfa með, gerir mörgum húsmæðrum nær því ómögulegt að komast af með það sem heimilin geta að sér dregið af nauðsynjum sínum, heldur vanta nú beinlínis margar bráðnauðsynlegustu tegundir sem þau þurfa með, bæði til fæðis og annara nauðsynja.

Það er *þetta*, sem þarf að hafa eftirlit með, og ráða fram úr. Heimilin og húsmæðurnar verða að fá hjálp og aðstoð til þess að geta sett eitthvað það í staðinn fyrir þessar vörur, sem auðsjáanlega verða ófáanlegar fyr en varir, sem geti haft líkt eða sama notagildi fyrir þarfirnar, og þær vörur, sem ófáanlegar eru, eða verða innan skamms, t. d. eins og mjólkin og feitmetið verður.

Einmitt í þessum efnum hjálpast landsstjórnir og bæja- og sveitastjórnir nágrannalandanna að, til þess að koma heimilunum til hjálpar. Til þess eru fastar, stórar ráðgefandi nefndir settar á fót, samansettar af sérfróðustu körlum og konum á þessum sviðum, sem líka hafa vald til að grípa í taumana og gera ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir, ef þurfa þykir. Og húsmæðrunum og heimilunum til aðstoðar eru einnig sérfróðar konur sendar út um löndin, sem heimilsráðunautar. Þær eiga að hjálpa húsmæðrunum með ráðum og dáð, að standast þá eldraun, sem þær nú verða að leitast við að leysa af hendi: að bjarga öllu heimilisfólkinu óskemdu út úr dýrtíðarhallærinu, án þess þó að efnahagur heimilanna kollvarpist, vegna ókljúfandi eyðslu. Húsmæðurnar verða að vera bæði fyrirhyggjusamar, hagsýnar og sérlega sparsamar. Til þess þarf meiri kunnáttu og sérfræði í heimilisfærslu en þær geta fengið tilsagnarlaust af sjálfum sér.

Hér er það, sem hið opinbera verður að hlaupa undir bagga með húsmæðrunum. Það verður að sjá þeim fyrir þessari nauðsynlegu tilsögn. Til þess er aðeins ein aðferð sjáanlega fær, nú sem stendur: *að* senda út færar konur, sem með ræðum, ritum, fyrirlestrum og sýningarnámsskeiðum kenna húsmæðrunum að bjargast áfram þolanlega við þann magra kost, sem tök verður á að afla sér, þegar fram á næsta ár kemur. Þær verða að kenna húsmæðrunum að setja eitthvað nýtilegt í stað þeirrar mjólkur og feiti, sem þá verður að öllum líkindum ófáanleg, og yfirhöfuð matreiða þann forða, sem af mjög svo skornum skamti verður þá að líkindum á mörgum heimilum. Um mjólk og feitmeti vita allir að lítið verður, og líklegast að öllu leyti ómögulegt að fá fyrir kaupstaðarbúana, auk þess, sem margir sveitarbúar munu verða þess tilfinnanlega varir líka.

Alþýðueldhúss-hugmyndin virðist eiga langt í land að komast í framkvæmd hér í bænum. Þegar þingið í sumar tók því svo vel, sem það gerði, og veitti 4000 krónur til þess hér í bænum, þá skeði það merkilega, að allir þeir, sem við það áttu að fást eins og drógu sig út úr málinu. Dýrtíðarnefndin, sem aðallega átti að koma með tillögur í málinu, gerði alls ekkert í því, og þótt bæjarstjórnin fæli þeim tveimur dýrtíðarnefndarfulltrúum, sem mest höfðu borið málið fyrir brjósti, að koma með ákveðnar tillögur, svo snemma, að eitthvað yrði gert í því, þá gátu þeir ekki komið því í verk, en heldur fól öll dýrtíðarnefndin borgarstjóra það, sem þó hafði verið því lítt fylgjandi. Og nú sem stendur er ekki annað sjáanlegt, en að það sé tekið út af dagskrá bæjarstjórnar um óákveðinn tíma. — Líklegt að þar með sé saga þess úti í bráðina.

Að svona litlar framkvæmdir urðu í þessu máli hér í bænum var mjög óheppilegt. Alþýðueldhús, sem vel væri stjórnað og færar konur eða kona stæðu fyrir, gæti á margan hátt hjálpað húsmæðrunum.

Ekki einungis með því, að selja ódýran og vel tilbúinn mat, sem bæði smærri heimili og einhleypt fólk keypti, heldur einnig með því að *kenna út frá sér hagsýni, nýtni og sparnað* í heimilisfærslu og matartilbúningi, sem margar húsmæður ættu að geta tekið til fyrirmyndar. Þar væru að sjálfsögðu ýmsar tilraunir gerðar, til að notast við ýms efni til matarins, í stað þeirra, sem ekki væru fáanleg, og að sjálfsögðu yrði slíkt að byggjast á efnafræðislegri og hollri samsetningu ýmsra fæðutegunda, sem þá kæmu í staðinn.

Auðvitað er enn þá ekki alveg útséð um, að þessi alþýðueldhússhugmynd komist í framkvæmd. Borgarstjóra Reykjavíkur var falið af bæjarstjórninni að kynna sér þetta mál og þessi eldhús í Danmörku, nú þegar hann verður þar á ferð. Það er auðvitað gott að hann kynnist því fyrirkomulagi með eigin augum, því þá getur hann naumast annað en séð og viðurkent gagnsemi slíkra stofnana. En ófullnægjandi er og verður það þó, ef vér hér heima ættum að hafa verulegt gagn af því, hversu fær

sem hann kann að vera í þeim efnum. Það var einkennilegt uppþot sem þessi fjárveiting alþingis til Alþýðueldhúss hér, eða til ferðastyrks til að kynna sér þau erlendis, hafði á fólk hér í bænum. Bæði guðfræðingar og »Madömur« andmæltu því í blöðunum að nokkur væri sendur til að kynnast því. Lögðu til að almenn matreiðsla — fátækra matreiðsla að líkindum — færi fram undir stjórn »Samverjans« og auðvitað þeirra sem honum hafa stjórnað.

Þetta var hinn mesti misskilningur. Fátækragjafirnar og matreiðsla handa þeim ókeypis er *alt annað* en alþýðumatsala og sameldhús til þess. Fátækragjafirnar geta alls ekki verið reknar á sama hátt. Þessar tvær aðferðir og hugsjónir verða að rekast hver í sínu lagi, og eftir ólíku fyrirkomulagi.

Gjafir »Samverjans« er *bráðabyrgðarhjálp* til að lina auguabliks neyð. Sameldamenska og alþýðu matsala er *fyrirbyggjandi tilraun*, til að *hjálpa fólki til að komast áfram af eigin ramleik, án þess að þurfa að þiggja gjafir eða verða upp á aðra komnir.* Þess vegna verður sú aðferð að fá sem flesta til að taka þátt í þessu. Á þann hátt á alt, sem til matarins er kostað, að vera nokkurs konar matarfélag almennings, sem alveg verður að bera sig sjálft.

En aðalskilyrði fyrir því að almenn hluttaka verði í slíkri matarsölu, er það *að* maturinn verði að minsta kosti *eins góður og margbreyttur*, og hann er á heimilunum, sem eiga að kaupa hann, og *að* hann verði ekki dýrari fyrir þau en heimagerði maturinn.

En til þess að sameina þetta tvent, þarf verulega góða kunnáttu í matreiðslu og öllu sem þar að lýtur. Við höfum ekki mörgum konum á að skipa hér heima, sem eru færar um það og fáanlegar til þess, ef til kæmi. Og þótt við máske hefðum getað haft völ á einhverjum slíkum konum, þá hefði hver sú kona, sem tekið hefði það að sér, að sjálfsögðu orðið að kynna sér alt þetta fyrirkomulag annarsstaðar, þar sem það er komið á fastan fót, og er vel rekið. Auðvitað hefði það svo átt að lagast eftir hérlendum ástæðum og staðháttum.

Vér gerum alls ekki lítið úr hjálp og störfum Samverjans þótt vér segjum, að það fólk sem fyrir hans matreiðslu stendur hefði ekki getað komið til tals að standa fyrir svona löguðum sameldhúsum. Það er svo ólíkt. — En því miður eru lítil líkindi til að þau komist hér á fót fyrst um sinn, svo menn þurfa að svo stöddu, ekki að líta neinum öfundaraugum til neinnar *konu*, fyrir það að hún verði kostuð utan í þessum erindum. Nei, ef við fáum slík sameldhús upp nokkurn tíma, þá láta menn sér væntanlega ekki nægja að konur séu að líta eftir því, eða setja reglur fyrir því. Það verða auðvitað *karlmennirnir* sem þar verða álitnir færastir til.

Geymsla á rófum.

Rófur geymast betur ef þær ná að þroskast áður þær eru teknar upp. Merki upp á þroskun rófnanna er það, að neðstu blöðin detta af, en hin efri gulna. Hér á landi verða rófur sjaldan fullþroska.

Ekki sakar það rófur þótt þær standi svo lengi óuppteknar í görðunum á haustin að þær frjósi, ef þær þiðna aftur svo hægt sé að taka þær upp úr þíðri mold. En þessu er ekki að treysta; það sýndi sig á síðasta hausti; þá ónýttist mikið af rófum í görðunum vegna frosta. Það má því ekki draga rófnaupptektina lengi fram eftir haustinu.

Frjósi rófur eftir að búið er að taka þær upp, þá geymast þær miklu ver en ella.

Varast skal að særa rófur nema sem allra minst: blöðin skorin af niður við rófuna sjálfa, án þess að af henni sé tekið.

Rófurnar á láta sem fyrst á geymslustaðinn. Það er til skaða að þurka þær mikið, en þurrar ættu þær þó að vera; þurrar og nýuppteknar. Sé ekki hægt að koma því við að láta þær strax í geymsluna, má þekja hrúgurnar úti með rófnablöðum; líði nokkrir dagar, er réttast að kasta mold yfir blöðin, á hrúgurnar.

Rófurnar þarf að verja fyrir frosti, vætu, ofþurki og hita.

Geymslan á að miða að því að halda rófunum lifandi til að verja þær rotnun, en halda þeim þó í dvala til þess að efnabreyting, og þar af leiðandi tap, verði sem minst.

Rófur má geyma á líkan hátt og kartöflur, í þurrum húsum þar sem lítið frýs en þó er ekki of heitt. Það hleypur frekar hiti í rófur en kartöflur, verður að taka tillit til þess við geymsluna. Rófurnar má geyma í gryfjum líkt og kartöflur eða í hrúgum ofanjarðar. En það er ekki hættulaust að byrgja þær til fulls. Það getur komið hiti í rófurnar svo loftrás sé nauðsynleg; verður því að hafa vindaugu eitt eða fleiri á hrúgunum eða gryfjunum. Í miklum frostum verður vel að byrgja fyrir alla loftrás.

Bezt er að láta þurt torf yfir rófurnar og moldarlag þar yfir. Er það aukið eftir því sem þarf vegna frostanna, mun ekki veita af því þriggja feta þykku. Þang, heyrudda, eða annað rusl er hentugt að hafa yfir moldinni, eða milli moldarlaga.

Það lánast vel að geyma rófurnar í gryfjum eða hrúgum ef mold er látin á milli þeirra, 1 fets þykt rófnalag og ½ fets þykt moldarlag á víxl.

Túrnips skemmist fljótar en gulrófur, einkum hvíta túrnipsið. Hið gula heldur sér lengur en það hvíta og er því betur hæft til geymslu fram eftir vetrinum.

E. H.

Vegurinn að virðingunum.

Eftir *Ernst Lundquist.*

Mauro Santine stóð einu sinni árdegis í málaraherbergi sínu við via Margutta í Róm og málaði eftir minni, mjög minkaða eftirmynd eftir hinni svo kölluðu »Amor sacara e profana« eftir Tizian, í Borghese-myndasafninu. Þetta málverk var hans sérstaka uppáhald. Listaverkasalarnir við via Condotti seldu fyrir hann venjulega sjö eða átta eftirmyndir á ári, og hefðu getað selt miklu fleiri. En Mauro greip aldrei til þessarar eftirstælingar nema þegar buddan hans hafði verið lengi meira en venjulega mjóslegin og vanalin. Hann hafði náð svo mikilli leikni í að mála báðar þessar ungu konur við »kærleiksbrunninn«, að hendin á honnm gat nærri því ósjálfrátt dregið upp alla röðunina af þessum löngu málaradráttum, og hvert eitt einasta stryk í réttri röð og á réttum stað, meðan hann hugsaði um alt annað. Honum vildi það líka til hægðarauka, að hann hafði á æskuárum sínum í Feneyjum, þar sem hann ólst upp, haft ríkulega tækifæri til að kynnast vandlega »teknik« hinna gömlu Feneyja listamálarameistara frá endurnýjunartímabili listarinnar. Einkum hafði hann rækilega kynt sér elzta málverkastíl Tizians, sem hafði orðið fyrir áhrifum af Giorgione, og undir þann málverkaflokk heyrði þetta málverk. Þessi ákafa aðdáun hans fyrir þessum tveimur sköpurum nýrrar litskrúðstízku í málaralistinni var ef til vill aðaltilefni til þess, að öll hans eigin málverk, bæði mannamyndir og annað, skar sig alveg út úr á öllum málverkasýningum, vegna sinnar fullkomnu fjarstöðu allra áhrifa tízkunnar, en leit næstum því út eins og þau væru eftir Tizian.

Það var einmitt það einkennilega við Mauro, að þótt hann væri ungur, þá var list hans gamaldags. En hann gat aldrei tekið hughreystingaorðum félaga sinna, þegar þeir voru að halda þessu fram, sem ástæðu fyrir því, að hann ætti svo erfitt með að vinna sér viðurkenningu alþýðunnar og athygli listdómaranna. Sýndust ekki líka mannamynda málverkin hans Lembecks, sem var eftirlætisgoð og tízkumálari Rómaborgar, vera stælingar eftir Tizian?

Höfuðstaður Ítalíu var þó líklega ekki orðinn svo ólíkur sjálfum sér, að listin þyrfti að skreyta sig eftir seinustu tízkublöðunum, til þess að hún væri álitin verðug að fá að vera manna milli. Hvert listaverk var einn hluti af virkileikanum, séð með skilningsfullum augum og tilfinningum — já, víst var það — og einasta óhæfa meginregla hverrar listastefnu er óeðlileiki, tilgerð og óheiðarleiki. — Alveg satt, — en ef hann nú sá virkileikann gegn um skaplyndi sitt og tilfinningar, hér um bil með sömu augum og hinir gömlu Feneyingar, og ef hann svo, með því að fylgja eftir kjölfari tízkunnar, gerði sig sekan í svikum og hræsni við sitt eigið einstaklingseðli, hver hefði þá réttara fyrir sér, hann, sem með þráa og sérlyndi hélt áfram að mála eins og hans eigin augum sýndist réttast, eða gagnrýnendur Rómaborgar, sem hefðu auðsjáanlega ásett sér að þegja hann í hel, af því hann hvorki gat né vildi vera tízkunnar málari. — Jæja. Hann vildi nú ekki heyra nokkurt orð meira um þetta. Og vinir hans máttu vera óhræddir, hann skyldi víst komast upp á endanum. Margar krókagötur liggja til heiðursins og viðurkenningarinnar, sem eru ef til vill hægri, ekki eins brattar og grýttar og *beint* vegurinn — þann veg skyldi hann nú samt ganga, og hann liggur að takmarkinu. Það *veit* hann. Og falli maður á þeim vegi hálfnuðum, þá er það af því maður er of linur í knjáliðunum, eða of mæðinn — já, þá gefst maður að minsta kosti upp með góðri samvizku.

En í dag hugsaði Mauro alls ekki um að gef-

ast upp, þar sem hann stóð og málaði báðar fallegu stúlkurnar sínar við marmarabrunninn. Því þær hugsanir komu bara að honum þegar hann var í illu skapi. En í dag var hann svo glaður, sem hann hafði ekki verið lengi. Gærdagurinn var krossvegurinn á æfi hans. Þá var fyrsti dagur vorsýningar listamannanna í listaverkahöllinni við vía Nazionale, sem var opnuð fyrir almenning, og um kvöldið hafði hið mikilsvirta gagnrýnendablað »Roma« getið »Magdalenu« hans með nokkrum viðurkennandi línum. Það var þriðja vorið, sem hann tók þátt í þessari listaverkasýningu, og þó var það í fyrsta sinnið, sem nokkur blaðasnati virti hann þess að geta hans. Auðvitað var það ekki hinn alþekti mikli listagagnrýnir blaðsins, sem skrifað hafði greinina, heldur líklega einhver undirtylla, og línurnar voru heldur ekki margar, en þær tóku samt fram það, sem var aðalatriðið við málverkið, að »Magdalena« hans væri heppilegt sambland af nútíðar-sálarfræði og klassiskri teknik. Aðalatriðið var, að þessi ónotalega þögn um hann var rofin. Það var þó altaf fyrsta sporið hans á frægðarveginum, þótt það væri bara hænufet. Og þess vegna var Mauro núna í svo glitrandi góðu skapi og hafði í allan morgun sungið langa söngva, með sínum falska háa rómi, meðan hann var að mála eftirmyndina, sem hann skyldi sannarlega ekki hafa virt þess að snerta á, á slíkum hátíðisdegi, ef hún hefði ekki verið pöntuð og borguð, og svo að segja uppétin.

Hann var að enda við málverkið, og átti að eins eftir það, sem hann var vanur að gera síðast, að seija skjaldarmerki kaupandans upphækkað eins og stimpil á brunnbarminn, þegar barið var að dyrum, og dyravörðurinn opnaði dyrnar og sagði að einhver herra óskaði að hitta signor Mauro.

Einhver herra? Máske það sé kaupandi að »Magdalenu«. Hann þreif nafnspjaldið. Þar stóð Arturo Calvi, sá sami sem skrifaði undir nafninu Febo í blaðið Roma. *Hvort* hann tæki á móti honum? En sú bjánalega spurning. Og Mauro hafði varla lagt frá sér málaraburstann og þurkað sér um höndurnar fyr en Fabo stóð ljóslifandi frammi fyrir honum, sá fyrsti blaðamaður, sem nokkurn tíma hafði gert honum þann heiður, að heimsækja hann. Hjartað hoppaði í honum af gleði. Nú bjóst hann við í fyrsta sinni að meðtaka hið dásamlega sakramenti: Hið fyrsta »interwiew«.

Svolitill hálfgamall herra með stangagleraugu og innsettar tvær hlæjandi lausar tennur, kom nú inn og settist á eina þægilega stólinn rétt frammi fyrir honum og fór ofan í brjóstvasa sinn. Jú, það er auðvitað vasabókin, til að skrifa »interwiewið« upp í, hugsaði Mauro og iðraðist eftir að hann af barnalegu bráðlæti hefði flýtt sér að fleygja eftirmyndinni inn í kolakompuna.

En það var engin vasabók, heldur blátt áfram samanvafið pappírsblað, sem Febo tók upp, og rétti Mauro það svo með ástfólgnum svip.

»Eg leyfi mér hér með að sýna yður svolitinn reikning«.

Reikning! Hafði dyravörðurinn máske í ógáti hleypt skraddaranum inn í staðinn fyrir ....

Hann fletti sundur blaðinu og las:

»Grein í kvöldútgáfunni af Róma 1. maí 1895 ... 25 líra«.

Hann varð að lesa þetta aftur og aftur og starði ýmist á reikninginn eða Febo. En loks skildi hann hvernig í öllu lá og varð bálreiður.

»Altsvo — altsvo var það að eins til þess arna .... að eins vegna peninganna, sem þið slettuð nokkrum viðurkenningarorðum um mig í blaðið ykkar?« stundi hann upp. Og þegar hinn svaraði honum að eins með því að glotta og ypta öxlum, þá grýtti hann reikningnum í hattinn hans Febo, sem hann helt í knjám sér, benti með titrandi fingrum af reiði fram í dyrnar og nærri því hvæsti út úr sér: Ef þér hafið yður ekki strax á brott, þá veit eg ekki hvað eg kann að gera«.

Febo stóð upp gremjulega tómlega, stakk blaðinu gætilega ofan í vasann og sagði með sínum blíðasta málrómi:

»Per Basso! Ekki þurfið þér að ganga af göflunum, þótt eg hafi ef til vill rekist inn þegar lítið var í buddunni. Eg skal gjarnan koma aftur hvenær sem yður er hentast«.

Mauro rauk yfir að teikniborðinu, þar sem hann vissi að hann hafði lagt aleigu sína í peningum, tók þar upp fimm tíu-króna-seðla og dálitið af silfurpeningum, stóð svo bispertur frammi fyrir blaðamanninum og fór að tína seðlana og peningana hvern á fætur öðrum ofan í vestisvasa sinn.

»Eg er hræddur um að eg sleppi yður ekki inn, ef þér skylduð svívirða mig með heimsókn yðar aftur«, sagði Mauro, sem nú var farinn að sjá skoplegu hliðina á þessu samtali. »Og ef þér skylduð nú, eða síðar, finna einhverja af stéttarbræðrum yðar, sem hafa fengið vitneskju um tilveru mína, þá gerið svo vel að bera þeim þá kveðju frá mér, að eg sé ekki enn þá kominn svo langt ofan í hið siðferðislega dýki, að eg kaupi list minni réttlæti með mútum«.

Frh.